



**LANDSSAMTÖK  
SKÓGAREIGENDA**

---

**Skýrsla vegna átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu  
og markaðsmálum skógræktar**



Desember 2021

---

## Efnisyfirlit

Skýrsla vegna átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og markaðsmálum skógræktar .....	1
Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	3
Formáli .....	3
Staðan í dag .....	3
Útlistun verkefna .....	3
Stjórnsýsla .....	4
Stjórn LSE .....	4
Fundir .....	4
Innra starf .....	4
Félagastarfið .....	4
Aðalfundur LSE .....	5
Sérverkefni .....	5
Fagráðstefna skógaræktar .....	5
Framtíðarsýn/stefna LSE .....	5
„Horft fram á við“ .....	5
Viðargæðastaðlar .....	5
TreProX -fólkið á söginni .....	6
Jólatré .....	6
Kolefnisbrúin ehf. ....	6
Markaðsmál .....	6
Útgáfa- Við skógareigendur .....	6
Upplýsingagjöf (skogarbondi.is) .....	6
Annað .....	7
Námsekið og ráðstefnur .....	7
Bókhald .....	7
Fjármál .....	7

# Inngangur

Skýrsla vegna framlaga úr ríkissjóði til Landssamtaka skógareigenda (LSE), sem ætluð eru til átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og afurðarmálum. Markmið framlaganna er að auka áframvinnslu hráefnis, vöruþróun, vöruframboð og stuðla að aukinni arðsemi skógræktar.

## Formáli

Landssamtök skógareigenda (LSE) voru stofnuð í júní 1997. Á aðalfundi LSE í maí 2021 samþykktu fundarmenn breytt félagskerfi sem fólst í að starf LSE myndi flytjast til Bændasamtaka Íslands (BÍ). Þann 1. júlí tóku breytingarnar gildi við sameiningu flestra brúgreinafélaga landsins í ein heildarsamtök fyrir alla bændur; BÍ.

Starf þessa árs hefur mikið snúið að sameiningunni og má ætla að sameiningarferlið muni taka enn lengri tíma. Að öðru leiti hefur starf LSE (nú skóg-BÍ) verið með sama sniði og áður. Þróun timburiðnaðar, kolefnisbinding í skógi og önnur hagsmunaatriði. Skógarauðlindin mun þó halda áfram að dafna og stækka og eru ú elstu skógar bænda farnir að skapa timbur. Timbur sem veitir bæði vinnu og býr til vermæti í sveitum landsins.

Forsíðumynd: Af TreProX námskeið í Þjórsárdal. Samvinna þriggja landa í kennslu í viðarvinnslu.


## Staðan í dag

Covid19 farsóttin gerði árið 2020 afar einkennilegt ár og má það sama segja um árið í ár. Erfitt var að halda aðalfundi aðildarfélaganna og aðalfundi LSE var ítrekað frestað fram yfir Covid, en faraldurinn er samt enn við líði. Bág staða Bændasamtaka Íslands hefur ekki heldur hjálpað við ákvarðanatökur þetta árið en mikið er undir að vel gangi að endurreisa þau. Þó árið hafi reynst undarlegt er ýmislegt jákvætt í farvatninu.

## Útlistun verkefna

Yfirgrip þessarar skýrslu eru þau verkefni sem stjórn LSE og framkvæmdastjóri hafa verið að vinna, ásamt verkefnum á aðlögunartíma við samruna BÍ sem staðið hefur yfir frá miðju ári. Störfín eru fjölbreytt og skarast gjarnan. Hlutföll á starfi framkvæmdastjóra 2021 (frá 1.nóv 2020- 31.okt 2021) má á kökuriti hér til hliðar. Greining á starfi getur aldrei verið mjög nákvæmt en það gefur þó ágæta hugmynd um skiptingu verkefna.

Kaflar þessarar skýrslu byggja á verkefnum LSE og má sjá hlutföll á kökuritinu hér til hliðar: Stjórnsýsla 39% (var 30% árið 2020), Sérverkefni 31% (30%), Innra starf 6% (15%), Markaðsmál 21% (15%) og Annað 3% (10%).



---

## Stjórnarsýsla

Fyrri hluta ársins snérist starfið að miklu leiti að fyrirhugaðri sameiningu búgreina- og aðildarfélaganna Bændasamtaka Íslands. Mikil fundahöld og orka fór í að velja uppi kostum og göllum þess. Unnin var umfangsmikil SVÓT greining af Hafliða Herði Hafliðasyni, þá verkefnisstjóra Kolefnisbrúarinnar. Ýmsir kostir gátu falist í sameiningunni ekki síður en ókostir. Eitt atriði gerði það að verkum að nánast var útilokað að komast hjá sameiningu. Það var viss ókostur, en fól líka í sér tækifæri. Deild skógarbænda inna BÍ yrði líkast til hvort eð er stofnuð og myndi fjárframlag frá ríkinu til LSE því vera afnumið. Deildin myndi þar með taka yfir starf LSE með tíð og tíma. Það var því nokkuð ljóst að erfitt yrði að mæla gegn sameiningunni, enda engin ástæða til því hagsmunabaráttu skógarbænda yrði áfram haldið og yrði auk þess með sterkari röddu en nokkur tíman áður. Enda fór það svo, á óhefðbundnum aðalfundi samtakanna í maí 2021, að meirihluti atkvæða kosningabærra manna kaus að fylgja Bændasamtökunum. Fundinum var streymt á YouTube.

([https://www.youtube.com/watch?v=mgggIaqoOA&t=1263s&ab\\_channel=Kviklandehf](https://www.youtube.com/watch?v=mgggIaqoOA&t=1263s&ab_channel=Kviklandehf)).

Þetta ár litast aðallega að þremur málum: Sameiningu við BÍ, Kolefnisbrúnni og Covid, sem hafði áhrif á allt félagsstarf í landinu. Vissulega voru fleiri mál uppi á borðinu og voru þau af öllum gerðum. Afgreiðsla verkefnanna er mis tímafrek. Upptalning verkefna hér að neðan skarast mjög við önnur verkefni en reynt verður að gera þeim góð skil.

### Stjórn LSE

Stjórn LSE 2021 er óbreytt frá fyrra ári:

Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður, fulltrúi Félags skógarbænda á Austurlandi (FsA)

Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir, varaformaður, fulltrúi Félags skógarbænda á Norðurlandi (FsN)

Guðmundur Rúnar Vífilsson, gjaldkeri, fulltrúi Félags skógarbænda á Vesturlandi (FsV)

Björn Bjarndal Jónsson, ritari, fulltrúi Félags skógareigenda á Suðurlandi (FsS)

Naomi Bos, meðstjórnandi, fulltrúi Félags skógarbænda á Vestfjörðum (FsVfj.)

Hlynur Gauti Sigurðsson er framkvæmdastjóri.

### Fundir

Á þessu starfsári (*frá 1.nóv. 2020 – 31.okt. 2021*) hafa 12 fundir verið haldnir og skilgreindir sem stjórnarfundir LSE (Fundir númeraðir 140 – 152). Covid faraldurinn hafði sitt að segja um form funda. Ellefu fundir voru fjarfundir en einn var hefðbundinn. Einn fundurinn var samráðsfundur þar sem öllum stjórnarmönnum í aðildarfélögum LSE var boðin þátttaka en megin mál þess fundar var aðild að Bændasamtökunum og Kolefnisbrúin. Einn fundur í mars var skilgreindur stjórnarfundur Skógræktarbúgreinar Bændasamtaka Íslands (Skóg-BÍ). Í mars 2021 var fjar-samráðsfundur með stjórn LSE, formönnum aðildarfélaganna þess og fulltrúum Skógræktarinnar. Fundargerðir stjórnarfunda má nálgast á [www.skogarbondi.is](http://www.skogarbondi.is).

---

## Innra starf

Innra starf fellst einkum í starfi sem snýr beint að félögum og stjórnnum félaga LSE.

### Félagastarfið

Mikilvægt er fyrir forystu LSE vera í góðum tengslum við grasrótina sína. Vegna Covid voru ekki haldnir hefðbundnir aðalfundir hjá félögunum heldur fjarfundir.

Fundirnir voru ýmist samseta stjórnar með streymi í fjarfundabúnað, svo sem Teams. Formaður LSE og/eða framkvæmdastjóri tóku þátt í þeim og héldu erindi um Bændasamtök Íslands og kosti þess og galla við að sameinast þeim.

## Aðalfundur LSE

Aðalfundur LSE 2021 var haldinn í maí á hótél Hamri við Borgarnes.

Í fyrra, 2020, var aðalfundi frestað ítrekað vegna sóttvarnaaðgerða. Í búnaðarþingi BÍ í mars var ákveðið að búgreinarfélög myndu sameinast í nafni Bændasamtakanna. Til að svo myndi verða þurfti samþykki búgreinanna. Á aðalfundi LSE, haldinn í Borgarnesi þann 15.maí 2021. Fundurinn var fámennur en fyrir því voru þrjár megin ástæður. Margir skógarbændur eru einnig sauðfjárbændur og þarna stendur yfir sauðburður. Alla jafna er árs hátíð LSE og jafnvel fræðsluerindi samhliða aðalfundi en því var ekki fyrir að fara að þessu sinni og hafði það vafalítið fælingarmátt. Fundinum var streymt á Youtube og þó kosningabærir fulltrúar væru einungis í fundarsal má ætla að félagsmenn hefðu margir hverjir meiri áhuga á að fylgjast með fundi en að kjósa.

---

## Sérverkefni

Aðkoma framkvæmdastjóra og stjórnar af sérverkefnum er mismikil og misjöfn.

## Fagráðstefna skógaræktar

Fagráðstefna skógræktar átti að vera á hótél Geysi í Haukadal í október en var aflýst í tvígang.

Covid-faraldurinn gerði það að verkum að árlegri ráðstefnu skógræktar var aflýst tvö ár í röð. Nú eru áform um að fagrastefnan verði haldin í lok mars 2022.

## Framtíðarsýn/stefna LSE

Ætlunin var að endurskoða stefnu LSE á árinu, líkt og í fyrra. Því var frestað vegna aðlögunar eftir sameiningu við BÍ.

Áður útgefin framtíðarsýn LSE var helguð tímabilinu 2012- 2022. Flest þau stefnumál sem þar eru enn vel við hæfi. Aukin áhersla á loftslagsmál, óstöðugt verðlag á innfluttu timbri og góður vöxtur skóga gefur tilefni til frekari endaskoðunar.

## „Horft fram á við“

Í fyrra var gefin út yfirgripsmikil skýrsla sem lýsir stöðu timburs á Íslandi mjög vel. Vegna covid hefur ekki henni ekki verið nægilega góð skil enn sem komið er. Ætlunin er að fylgja skýrslunni eftir með pompi og pragt í upphafi næsta árs.

Skýrslan „Horft fram á við“ er komin eftir 3 ára samstarf LSE og Skógræktarinnar. Vinnuhópurinn sem vann hana gekk undir nafninu „Skógarfang“. Ætlunin er að kynna skýrsluna vel fyrir ráðamönnum og öllum skógargeiranum. Í skýrslunni er farið yfir stöðuna og tækifærin sem felast í íslenska skógrækt inn í framtíðina. Þó skýrsla sé komin út gefur það ekki tilefni að slaka slöku við, heldur er ætlunin að fylgja vinnunni eftir og efla þannig viðarvinnslu enn frekar.

## Viðargæðastaðlar

Mikilvægt er að íslenskt timbur verði gerður kostur á að vera samkeppnishæft við það innflutta. Það sem stendur út af er krafa um vottun af mörkuðum erlendis frá.

Á árinu hófst samvinna skógargeirans um að hátt ákall iðnaðarins er eftir íslensku timbri. Íslenskt timbur hefur fallið í skugga þess innflutta sökum ýmiskonar vottunar (FSC, Svanurinn...). Vottun sem á að tryggja að timbrið sé vel fengið, sjálfbært og standist gæðakröfur svo það helsta sé nefnt. Starfshópurinn mun koma málinu í viðeigandi farveg svo hægt verði að selja samkeppnishæft íslenskt timbur á markaði með ásamt hinu innflutta. Ekki er víst að þörf sé fyrir slíka vottun hér, þar sem íslenskt timbur er ekki orðin útflutningasvara og ræktun skóga er bæði vel skipulögð og í flestum tilfellum undir eftirliti yfirvalda. Þessi vinna er skammt á veg komin en með auknu timburframboði úr heimaræktuðum skógum og hækkandi timburverði á heimsmarkaði eru brýn nauðsyn að málið fái viðunandi meðhöndlun.

## TreProX -fólkið á söginni

TreProX er stórt Erasmus verkefni sem aðallega er á herðum LBHI og Skógræktarinnar. Fyrsta námskeiðið var haldið á Íslandi nú í haust. Síðari tvö námskeiðin verða í Svíþjóð og Danmörku á næsta ári.

Víkuna 10.–16. október var haldið vikunámskeið á vegum Erasmus-verkefnisins TreProX. Það fjallar um viðargæði og staðla þar að lútandi, sem og aðferðir til að hámarka gæði tímurs með viðeigandi aðgerðum á uppeldis-tíma skóga. Sam-starfs-aðilar í verkefninu eru Landbúnaðar-háskóli Íslands, Skógræktin, Trétækni-ráðgjöf, Kaupmanna-hafnarháskóli og Linne-háskóli í Svíþjóð. Alls voru um 40 þátttakendur á námskeiðinu, frá Íslandi, Svíþjóð, Danmörku, Nýja-Sjálandi, Nepal og Kína. Námskeiðið var mjög vel heppnað og voru þátttakendur ákaflega ánægðir með heimsóknina til Íslands. Næstu námskeið í verkefninu verða í Svíþjóð í júní 2022 og Danmörku í september 2022.

## Jólatré

LSE hefur allar götur lagt áherslu á markaðssetningu og ræktun jólatrjáa.

Ár eftir ár er ætlunin að upphefja jólatrjámarkað skógarbænda. Nokkrir skógarbændur sinna markaðnum heima fyrir en enn má bæta í. Viðtökur landsmanna við íslenskum jólatrjám er til fyrirmyndar og má merkja það t.d. á minnkandi innflutningi.

## Kolefnisbrúin ehf.

Á árinu stofnaði LSE einkahlutafélag utan um Kolefnisbrúna með Bændasamtökum Íslands. Framan af ári gekk þróunarvinnan vel en ekki náðist að fjármana starfið út árið. Við það baksag dró út kraftinum sem þurfti til að hægt væri að hefja fyrstu verkefni og framleiða vottaðar kolefniseiningar.

Útlitið er tvísýnt um þessar mundir um framgöngu Kolefnisbrúarinnar ehf. Ef það hægt verður að fjármana framhaldið mun starfið fara á fullt á nýju ári. Ef ekki, má búast við að bændum verði ekki sinnt eins og áform voru uppi.

---

## Markaðsmál

Markaðsmál ganga út á upplýsingagjöf fyrir félagi og aðra áhugasama. Það getur t.d. verið í formi útgáfu, fyrirlestra og samræðu við fjölmiðla.

## Útgáfa- Við skógareigendur

LSE kom út sínu 21. tímariti, „Við skógareigendur“ á árinu. Það var tileinkað kolefnisbindingu með skógrækt, prentaði í 7000 eintökum og sent heim á öll lögbýli landsins.

Blaðið var tileinkað kolefnisbindingu. Alls skrifuðu 50 höfundar í blaðið sem var 52 blaðsíður. Ritstjórn bauð fjórum ráðherrum að skrifa í blaðið og þáðu þeir það allir. Einnig sendu helstu stjórnmalaflokkar inn greinar og formenn búgreinadeilda skrifuðu stutta pistla ásamt formanni BÍ og skógræktarstjóra. Veglegt og eigulegt blað sem gaman verður að fletta aftur eftir áratug eða tvo.

## Upplýsingagjöf (skogarbondi.is)

Upplýsingagjöf til skógarbænda, sem og annarra áhugsama skógræktenda, er brýn í nútímaþjóðfélagi og stundum erfitt að koma fréttum og fróðleik á framfæri.

Heimasíða samtakanna, skogarbondi.is, er mikilvægt verkfæri til að koma upplýsingum á framfæri. Um tíma var upphleðsluhraði síðunnar hægur. Tekið var til á heimasíðunni sem jók hraðan lítillega. Enn er síðan í hægara lagi, en stendur fyrir sínu. Heimasíðan er hýst hjá Austurnet en ástæða upphleðsluhraðans er vefsíðukerfið Wix, sem ekki virðist höndla þær upplýsingar sem þar er að finna. Heimsóknir á árinu voru 2500 en árið áður voru þær hátt í 10.000. Stjórn LSE hefur ákveðið að halda úti heimasíðunni, sér í lagi á meðan aðlögun á sér stað við Bændasamtök Íslands.

LSE heldur einnig úti upplýsingagjöf á Facebook, en sá miðill getur oft hentað betur en heimasíðan.

## Annað

Fjölmörg mál koma á borð stjórnar og framkvæmdastjóra svo sem samtöl, ráðgjöf og bókhald til að nefna brot. Hér verður farin létt yfirferð á þeim helstu.

## Námsekið og ráðstefnur

Á covid tímum voru ráðstefnur meira og minna yfir tölvuskjáinn.

Nokkrar minni ráðstefnur og fyrirlestar voru sóttar. Þær gæru verið faglegar, pólitískar og félaglegar. Engin var þó það stór að vert er að minnast sérstaklega á.

## Bókhald

Bókhald er fært inn af framkvæmdastjóra og er unnið í samráði við bókara LSE og gjaldkera samtakanna.

Bókhaldsþjónusta Bændasamtakanna sér um bókhald LSE. Ómetanlegt er að eiga greiðan aðgang að þjónustunni þar sem hún er á sama gangi og skrifstofa LSE. Reglulega er gefið stöðuyfirlit og hefur vel gengið að halda bókhaldi stöðugu á árinu. Má ætla að covid faraldurinn hafi haft töluverð áhrif á fjárhag LSE. Í meðfylgjandi töflu frá bókhaldsþjónustu Bændasamtakanna má bera saman rekstrarliði við stöðu þessa árs við það síðasta, ásamt áætlun.

## Fjármál

### Fjárhagsáætlun 2021

Rekstrartekjur: Áætlun 2021	
Félagsgjöld.....	0
Aðrar tekjur, Fram.l.sj. Styrkir.....	0
Auglýsingatekjur.....	0
Vaxtatekjur - vaxtagjöld.....	50,000
Verkefnasamningur við ríkið.....	17,000,000
Tekjur alls	17,050,000
Rekstrargjöld:	
Kostnaður vegna aðalfundar.....	1,000,000
Funda og viðskiptakostnaður.....	400,000
Auglýsingar.....	250,000
Ferðakostnaður.....	600,000
Stjórnar- og fundarkostnaður.....	2,000,000
Þóknun til stjórnarmanna.....	1,000,000
Ráðstefnur og námskeið.....	450,000
Sérfræðiþjónusta.....	600,000
Fréttabréf og önnur útgáfa.....	0
Rekstur tölvukerfa.....	200,000
Laun og launatengd.....	9,500,000
Rekstur skrifstofu.....	70,000
Húsaleiga.....	700,000
Sími, burðargjöld, áskriftargjöld.....	100,000
Pappír,prentun,ritföng.....	60,000
Heimasíða.....	100,000
Ný verkefni, úrvinnsla,styrkir.....	0
Þjónustugj- og bankakostnaður.....	20,000
Gjöld alls	17,050,000
Rekstrarniðurstaða tímabilsins	0

Greiðslur úr rammamningi til LSE hafa gert það að verkum að starf samtakanna hefur eflst til muna. Skógarbændur njóta helst góðs af því þó vissuleg sé skógrækt þjóðarhagur. Hér er yfirlit stöðu LSE það sem af er ári, áætlun 2020 til samanburðar og loks tillaga að áætlun fyrir 2021 en þar sem aðalfundi 2020 var frestað hefur áætlunin ekki fengist samþykkt.

Fjárhagsáætlun hefur verið sett upp á hefðbundinn hátt, sambærileg við síðasta ár, gildir bara í 6 mánuði.

Ný stjórn þarf að búa til nýja fjárhagsáætlun fyrir síðari hluta árs.

Með kærri þökk fyrir veittan stuðning,  
Hlynur Gauti Sigurðsson  
[hlynur@bondi.is](mailto:hlynur@bondi.is)

Sent á netfang Arvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis,  
[postur@anr.is](mailto:postur@anr.is) 9.desember 2021